

ingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Halldór prófastur Bjarnarson greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmála-færslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 27/1899:

Réttvísinn

gegn

Ólafi Bjarnasyni

og

Mariu Gísladóttur.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, upp-
kveðnum 14. nóv. f. á., voru hin ákærðu Ólafur
bóndi Bjarnason á Efra-Vaðli og stjúpdótturdóttir
hans María Gísladóttir samastaðar dæmd sam-
kvæmt 163. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869
fyrir að hafa framið holdlegt samræði saman, hann

til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði, og hún til að sæta einföldu fangelsi í 2 mánuði. Svo skyldu þau og greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað. En þessum dómi hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hinna ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur málsins, löglega sannað, að hin ákærðu Ólafur Bjarnason og María Gísladóttir stjúpdótturdóttir hans hafi haft holdlegt samræði saman eftir dauða konu Ólafs, en ömmu Mariu, og getið barn saman, er fæddist 4. janúar f. á. Hafði María alist upp hjá þeim hjónum, ömmu sinni og stjúpafa, frá því hún var á 9. ári, og var hún bústýra Ólafs eftir að amma hennar dó 22. marz 1897 og þau tvö ein á heimilinu frá þeim tíma. Bæði hin ákærðu hafa fært sér það til afsökunar, að þau hafi verið alveg grunlaus um, að samræði milli þeirra varðaði við lög, enda hafi jafnvel verið í ráði milli þeirra að giftast saman; en þó að töluverðar líkur séu til, að þessu hafi verið þannig varið, þá getur eigi samkæmt 43. gr. hegningarlaganna sú vanþekking þeirra á lögnum, sem hér væri um að ræða, losað þau við lögskipaða hegningu fyrir brot þeirra.

Hinn ákærði Ólafur Bjarnason er fæddur 1. sept. 1838 og hin ákærða María Gísladóttir 5. september 1868, og hafa þau eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Afbrot þeirra er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 163. gr. al-

mennta hegningarlaga og refsingin hæfilega metin af honum að því Ólaf snertir 8 mánaða betrunarhúsvinna og að því Maríu áhrærir tveggja mánaða einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði undirdómsins samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hinn átrýjaða dóm í öllum greinum. Svo ber hinum ákærðu að og greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Hin ákærðu Ólafur Bjarnason og María Gísladóttir greiði og in soldinum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.